

18. febrúar 1966.

129

Nr. 32.

AUGLÝSING

um breytingar á reglum nr. 49 10. marz 1965, um starfsemi Íslenzkrar málnefndar.

2. gr. reglnanna orðist þannig: „Í Íslenkri málnefnd skulu eiga sæti 3 aðalmenn og 1 varamaður, skipaðir af menntamálaráðherra. Skulu 2 aðalmenn vera kennarar í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands eða starfsmenn við stofnanir háskólans. A. m. k. einn aðalmanna skal hafa lokið háskólaprófi í íslenzkri málfræði sem sérgrein. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár. Nefndin kys sér formann.“

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. febrúar 1966.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

31/12 '65.

BÆJANÖFN

Nr. 33.

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1965:

Borgarfjarðarsýsla.

Bali, nýbýli í landi Hamra, Reykholtisdalshreppi.

Snæfellsnessýsla.

Stekkjarvellir, nýbýli í landi Gaular, Staðarsveit.

Strandasýsla.

Broddadalsá I, eignarhluti úr skiptu landi jarðarinnar Broddadalsár, Fells-hreppi.

Broddadalsá II, eignarhluti úr skiptu landi jarðarinnar Broddadalsár, Fells-hreppi.

Hvítahlíð I, nýbýli í landi Hvítahlíðar, Óspakseyrarhreppi.

Hvítahlíð II, nýbýli í landi Hvítahlíðar, Óspakseyrarhreppi.

Vestur-Húnavatnssýsla.

Grundarás, nýbýli í landi Litlutungu, Fremri-Torfustaðahreppi.

B 16